



Dagsetning
06.02.2013

Frumvarp til náttúruverndarlaga.

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög) mál nr. 429. Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs 05.02.13.

Hafnarfjarðarbær fagnar þeim áherslum um verndun náttúru og menningarminja sem fram koma í frumvarpinu, og að almenningi skuli jafnframt vera tryggður aðgangur að náttúru landsins. Þar ber þó að gæta fyllstu varúðar, og taka ber undir það að vernda beri viðkvæma staði gegn meiri umferð en þeir geta borið, eins og m.a. kemur fram í greinum 19 og 25.

Varðandi ákvæði í grein 31 um akstur utan vega, telur Hafnarfjörður að gæta beri varkárni í veitingu undanþága vegna starfa manna við landbúnað. Einnig skal tekið undir það hópreiðar hestamanna geta valdið umtalverðum spjöllum á landi og ber að taka undir það sem fram kemur í grein að fylgt skuli skipulögðum reiðstígum eins og kostur er.

Hafnarfjarðarbær hefur ekki fleiri athugasemdir við frumvarpið, en áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
Tölvupóstfang: bjarki@hafnarfjordur.is